

Menntun tvítyngdra barna

Í þessu erindi verður fjallað í stuttu máli um stöðu tvítyngdra barna hér á landi og afleiðingarnar af því ef þessi börn fá ekki menntun við hæfi. Þetta verður rætt í ljósi reynslu sem fengist hefur meðal þjóða sem hafa lengri innflytjendasögu en Íslendingar. Fyrst verður reynt að skilgreina hvað sé átt við með tvítyngi og rætt hvaða áhrif tvítyngi hefur á læsi og framvindu í námi. Síðan verður skírskotað til reynslu annarra þjóða af menntun tvítyngdra barna og fjallað um hvers vegna þau úrræði, sem fræðimenn hafa vísað á, hafa ekki náð til þeirra sem móta stefnu í menntunarmálum. Að lokum er bent á fáein úrræði sem einstakir skólar og skólaumdæmi hafa gripið til og hafa gagnast vel í kennslu tvítyngdra barna – úrræði sem gætu ef til vill nýst hér á landi.

Í íslensku þjóðarsálinu er greytt sú ímynd að hér hafi verið og sé enn nærri 100% læsi. Þetta mun breytast ef tvítyngdum börnum og foreldrum þeirra er ekki gefinn kostur á menntun við hæfi því ef íslensk börn, sem eru af erlendu bergi brotin, ná ekki nægilega góðum tókum á íslensku til að nýta hana í námi getur farið svo að hér vaxi úr grasi kynslóðir Íslendinga sem verða ill- eða ófærir um að lesa og skrifa íslensku. Til þess að skýra tengslin milli tvítyngis og læsis verður rætt lítillega um hvað það er að vera tvítyngdur og hvaða áhrif tvítyngi hefur á læsi og námsframvindu barna.

Hvað er tvítyngi?

Máltaka tveggja tungumála samtímis leiðir til tvítyngis. Skilgreiningar á tvítyngi eru mjög á reiki en í víðustu merkingu er tvítyngdur einstaklingur sá sem hefur tvö tungumál á valdi sínu. En færnin í hvoru tungumáli fyrir sig getur verið mismunandi. Kenningar allsherjarmálfræðinnar segja að börn hafi sérstakan hæfileika til máltöku sem auðveldar þeim, við eðlilegar aðstæður, að læra móðurmálið. Ef barn lærir tvö eða fleiri mál samtímis fyrir u.þ.b. 11-12 ára aldur verða öll málín móturmál **en eingöngu ef bæði tungumálin eru notuð regulega og nægilegt innlegg fæst úr málumhverfinu**. Þetta er kallað *virkt tvítyngi*. Börnin fá innsæi í tvo menningarheima og skilja betur eðli tungumála og áhrif menningar á viðhorf og hegðun fólks. Þetta er ómetanleg auðlind í ört minnkandi heimi. Það er alveg sama hvernig við reynum að kenna tungumál þegar komið er í efri deildir grunnskóla og framhaldsskóla – slíka mál- og menningarfærni og slíkt innsæi öðlast aðeins tvítyngdir einstaklingar. Hér eru börn, sem læra íslensku sem annað mál, talin tvítyngd því þau hafa möguleika á að verða slík auðlind.

Þegar máltaka annars máls hefst á eftir máltöku hins málsins, hjá börnum sem ekki hafa góða undirstöðu í móðurmáli og móðurmáli er ekki viðhaldið, hefur það neikvæð áhrif á þróun málþroska og sérstaklega þróun læsis sem aftur leiðir til erfiðleika í námi. Um þetta eru fræðimenn sammála. Um ástæðuna vita menn minna og er hún vafalaust margþætt því hér koma við sögu flóknir félags-, menningar- og menntunarlegir þættir. Hugsanlega verður einhvers konar truflun á málþroska við málskiptin þegar barn þarf að byrja á máltökufuferlinu upp á nýtt. Á meðan barnið er að læra nýja málið frá byrjun eru jafnaldrarnir eintyngdir að bæta við lestri og treysta og dýpka málfærni í móðurmálinu. Þegar sá tvítyngdi hefur lært nýja málið þannig að hann geti skilið það sem fram fer í kringum sig er hann orðinn á eftir í málþroskanum og á erfitt með að ná jafnöldrum sínum.

Góð málfærni felur líka í sér að viðkomandi geti notað öll málsnið tungumálsins og þá málhegðun sem þeim fylgir. Með máltöku lærir barnið smám saman hvernig á að tala við hvern og hvenær, þar á meðal mál sem tengist skólastarfi, s.s. textum námsbóka, þar til barnið hefur lært móðurmálið eins og „innfæddur“ og telst vera fullgildur málhafi í sínu málsamfélagi. Þegar börn flytjast með fjölskyldum sínum til annarra landa minnka möguleikarnir á að nota öll málsnið móðurmálsins og móðurmálið takmarkast við heimilið en máltökufærni fer í gang að nýju því nú þarf að læra nýtt tungumál – oftast byrjar það á leikvellingum eða á skólalóðinni ef börnin fá tækifæri til að tala við önnur börn. Börn eru oft ótrúlega fljót að læra talmálið, málið sem tengist stað og stund. En málið, sem talað er í kennslustofunni, hefur öðruvísi orðaforða og setningagerðir en málið sem talað er á leikvellingum. Að auki er ritmál öðruvísi uppbyggt en talmál og stíll texta getur verið mismunandi eftir innihaldi og tilgangi, t.d. er ritstíll teiknimyndasögu frábrugðinn stíll samfélagsfræðibókar. Framsetning upplýsinga er líka breytileg eftir tungumálum. Skólamál lærist ekki sjálfkrafa og þarf að kenna sérstaklega en færni í ritmáli eða skólamáli er forsenda þess að börnin geti skilið námsbækurnar. Fræðimenn telja að það taki tvítýngd börn 5-7 ár að læra skólamál en aðeins 2 ár eða skemur að læra talmál (Cummins 1992).

Í ljósi þessarar vitneskju hafa fræðimenn lagt til að ef börn skipta um málumhverfi áður en góðri lestrarfærni sé náð í móðurmáli sé farsælast að þróun móðurmáls haldi áfram og að lestrarkennsla fari fram á móðurmáli. Þá er mikilvægt að reyna að viðhalda þeirri þekkingu sem fyrir er með því að halda áfram að kenna þeim námsgreinarnar svo að fyrri nám glutrist ekki niður meðan tvítýngda barnið situr aðgerðarlaust í skólanum því það skilur ekki það sem þar fer fram. Seinna málinu er þá bætt við smám saman, þ.e. stuðlað er að *málviðbót* (additive bilingualism) en ekki *málskiptum* (subtractive bilingualism). En markmið tvítýngiskennslu er einmitt að bæta við nýju máli en samtímis að halda áfram að þróa móðurmálið.


Því traustari sem undirstaða er í móðurmáli, því betri sem kunnátta er í lestri og því betri sem menntunin er frá heimalandinu, því skemmri tíma tekur það nemandann að ná góðri alhliða málfærni í seinna máli og því líklegri er nemandinn til að ná sambærilegri námsframvindu og jafnaldrar sem ekki skiptu um tungumál. Tæknin að lesa og læra færast milli tungumála. Enginn íslenskur námsmaður erlendis þarf að læra að lesa upp á nýtt svo fremi sem nýja málið er ritað með sama ritkerfi og íslenska.

Virkt tvítýngi er jákvætt fyrir barnið og fyrir samfélagið í heild – málskipti, þegar eitt mál kemur í stað annars á viðkvæmum aldri, hafa neikvæð áhrif á náms- og vitsmunafroska og geta leitt til þess að barnið geti aldrei lært að lesa og flosni upp úr námi með þeim mannlegu, menningarlegu, efnahagslegu og samfélagslegu afleiðingum sem því fylgja og þekkjast annars staðar í heiminum og farið er að bera á hér samkvæmt nýrri MA-rannsókn úr félagsvísindadeild Háskóla Íslands sem Helga Guðrún Loftsdóttir gerði um gengi tvítýngdra nemenda í grunnskólum landsins.

Þá er spurt: Ef vitað er hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir að stórir hópar tvítýngdra nemenda verði afhuga menntun vegna lestrar- og námsörðugleika, hvers vegna er það þá ekki gert? Og er spurningunni varpað fram almennt en ekki endilega átt við aðstæður á Íslandi – enda virðast erfiðleikar tvítýngdra barna í námi eiga við um allan hinn vestræna heim. En svarið er annars vegar að ráðamenn eru oft ósammála fræðimönnum um hvernig eigi að standa að menntun tvítýngdra barna og tvítýngiskennsla er dýr og þarna koma til félags- og menningarlegir þættir sem ná langt út fyrir skólakerfið.

Skoðum gengi tvítýngdra nemenda annars staðar í heiminum. Í Bandaríkjunum lýkur meira en helmingur tvítýngdra nemenda ekki 12 ára grunnnámi

eins og sjá má á Mynd 1 (byggt á Ramirez 1992 og Collier 1995). Myndin sýnir niðurstöður langtímarannsókna á gengi tvítyngdra barna í Bandaríkjunum á samræmdum prófum eftir kennslufyrirkomulagi, þ.e. hvort nemendur fengu kennslu á móðurmálinu eða voru í almennum tímum með einhverri aðstoð í ensku. Könnunin var gerð í Kaliforníu.



Mynd 1
Gengi tvítyngdra barna í 1.-12. bekk í samræmdum prófum eftir kennslufyrirkomulagi

50%-línan sýnir miðlínu gengis eintyngdra barna, þ.e. helmingur þeirra sem taka samræmd próf í forskóla (kindergarten), 3., 7. og 12. bekk er fyrir neðan 50% og helmingur fyrir ofan. Efri skálínan sýnir gengi tvítyngdra barna sem fá tvítynggiskennslu. Í lok 12. bekkjar standa tvítyngdir nemendur, sem fá tvítynggiskennslu, sig betur í prófunum en eintyngdir jafnaldrar. Neðri línan við 20%-mörkin sýnir gengi barna sem fá hefðbundna aðstoð í ensku örfáa tíma á dag en eru annars í almennum bekkjum, þ.e. í 12. bekk er framvinda þeirra lakari en 80% nemenda í bandarískum skólum – framfarir eru engar.

Hér er greinilegt að þeim börnum, sem fá kennslu á móðurmáli, þ.e. tvítynggiskennslu, gengur mun betur en þeim börnum sem fengu eingöngu aðstoð í ensku. Þrátt fyrir þetta lögðu skólayfirvöld í Kaliforníu niður tvítynggiskennslu í skólum á síðastliðnu ári. Fyrir því eru ýmsar ástæður: tvítynggiskennsla er mjög dýr og erfið í framkvæmd – erfitt er að fá menntaða kennara sem tala bæði tungumálin nógu vel til að það gagnist í kennslu, stundum eru kennararnir tvítyngdir en ekki vel menntaðir. Oftast eru skólar í hverfum tvítyngdra fátækir, illa búnir og með lélegustu

kennarana. Menntun foreldra er stundum lítil eða foreldrar geta ekki hjálpað börnum með heimanám vegna tungumálaörðugleika. Innflytjendur eru oft ekki þess megnugir að berjast fyrir réttindum sínum og barna sinna og því lélegur þrýstihópur og síðast en ekki síst eru flóknar félags- og menningarlegar breytur sem koma í veg fyrir að tvítyngd börn fái góða menntun, s.s. afstaða samfélagsins til innflytjenda og að hve miklu leyti þeir samsamast nýju menningunni – þá á ég við að hve miklu leyti þeir þekkja innfædda og taka þátt í menningar- og félagsstarfi í sínu sveitarfélagi og sjá hag sinn í því að mennta börnin. Tvítyngiskennsla er eins og önnur kennsla – bæði góð og vond. Enginn hefur stungið upp á því að við legðum niður skólalald alfarið þó að margt mætti betur fara í menntastofnunum víða um heim.

Stundum er einfaldlega ekki hægt að koma tvítyngiskennslu við. Þetta á við þegar ekki eru nógu margir nemendur sem tala sama tungumál en slíkt á við hér á Íslandi. Þá hafa verið reyndar aðrar leiðir. Í New Hampshire var reynt að koma á móttökubekkjum þar sem öllum tvítyngdum nemendum var safnað saman – stundum upp í 25 börn í bekk með 10-15 tungumál. Rannsóknir benda þó til þess að hætta sé á að í slíkum bekkjum þar sem nemendur læra nýja málið hver af öðrum myndist einhvers konar millimál sem hægir á máltöku markmálsins. Móttökubekkir voru notaðir til skamms tíma í Bretlandi en voru dæmdir ólöglegir á þeirri forsendu að þeir stuðluðu að aðskilnaði og einangrun minnihlutahópa. Danir eru líka að leggja þetta kennslufyrirkomulag niður þar sem nauðsynlegt þótti að flytja aðaláhersluna frá því að kenna dönsku til þess að „mennta“ tvítyngd börn til jafns við önnur börn (Gimbel, Holmen og Jørgensen 2000). Á Íslandi fara tvítyngdir nemendur ýmist í móttökubekki eða eru teknir út úr kennslustundum í sérstaka íslenskukennslu fáeina tíma á viku – mörg tvítyngd börn á Íslandi fá þó litla sem enga aðstoð í íslensku. Enn vantar mikið upp á að tekist hafi að aðlaga skólastarfið að breyttum þörfum fjölbreytilegri hópa nemenda – mikið er um brottfall úr skólum, ólæsi algengt og tvítyngdir nemendur oftast en ekki afhuga námi – og fylgifiskarnir eru svo atvinnuleysi og félags- og menningarleg einangrun.

Í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* er í fyrsta sinn sett fram mjög framsækin námskrá í kennslu íslensku sem annars máls. Þar kemur fram skilningur stjórnvalda á mikilvægi móðurmáls í þróun seinni mála og nauðsyn þess að breyta um kennsluhætti í menntun tvítyngdra barna. Þar er skýrt kveðið á um hvernig standa eigi að kennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Sum börn koma til landsins frá nágrannalöndum fluglæs og vel undirbúin undir að halda áfram námi á nýja málinu. Þessi börn þurfa aðstoð við að viðhalda þeirri þekkingu sem þau hafa í námsgreinunum meðan þau læra íslensku. Önnur börn koma til námsins frá allt öðrum menningarheimi með væntingar og skoðanir um læsi og menntun í heild sem eru mjög ólíkar þeim venjum og hugmyndum sem Íslendingar telja algildar. Skólaganga þeirra getur hafa verið slitrótt og/eða með ólíkar áherslur en skólaganga barna á Íslandi. Þessi börn þurfa stundum að læra að lesa á nýja málinu og þurfa líka að ná þeirri námslegu undirstöðu sem íslenskir jafnaldrar þeirra hafa. Það þarf að kenna þeim góð námstök um leið og þau læra nýja málið. Í nýrri námskrá kemur skýrt fram að kennsla í íslensku sem öðru máli er meira en íslenskukennsla. Hún snýst um að mennta tvítyngd börn til jafns við önnur börn.

Smám saman erum við þá að átta okkur á því að menntun tvítyngdra barna felst ekki í tungumálakennslu eingöngu heldur því að veita tvítyngdum einstaklingum menntun við hæfi. Að því leyti eru markmið menntunar tvítyngdra barna ekki frábrugðin markmiðum menntunar almennt. Skólastarfið þarf þó að aðlaga að nýjum tímum og aðstæðum – að fjölmennningarlegri nemendahópi.

Hér fara á eftir fáein atriði sem vitað er að stuðla að betri menntun tvítyngdra barna. Þessi listi er byggður á yfirlýsingu samtaka bandarískra kennara í ensku sem öðru máli frá 1999 og á niðurstöðum rannsókna sem gefnar voru út af Kaupmannahafnarborg á þessu ári [2000] (Gimbel, Holmen og Jørgensen 2000).

Námið er farsælast hjá þeim börnum sem hafa góða móðurmálskunnáttu

Þetta á við um lestur, þróun mál- og vitsmunabroska og viðhald fyrri þekkingar. Þegar ekki er unnt að koma við tvítyngiskennslu er farsælast að kenna nýja málið gegnum námsgreinarnar eins og ný námskrá í íslensku sem öðru tungumáli kveður á um. Þá ber að veita eins mikla aðstoð í móðurmáli og hægt er og hvetja foreldra til samstarfs.

Innflytjendur hafa greiðan aðgang að nýja málinu og menningunni

Allir vita að það er nauðsynlegt að kunna mál þess lands sem maður dvelur í til langs tíma – það veitir aðgang að menntun, betri störfum, menningar- og félagsstarfi o.s.frv. Þetta kom fram í nýlegri skoðanankönnun Gallups þar sem 85% aðspurðra innflytjenda vildu gera íslenskunám að skyldu fyrir innflytjendur.

Hjá börnum má nýja málið ekki koma í staðinn fyrir móðurmálið

Það þarf að bæta því við án þess að málþroski raskist.

Gera þarf fullorðnum kleift að læra nýja málið

Því greiðari aðgang sem fullorðnir innflytjendur hafa að íslensku máli, menningu og samfélagi, því betri málfyrirmyndir verða þeir börnum sínum og því minni líkur eru á því að heilir hópar innflytjenda einangrist og verði samfélag innan samfélagsins.

Samvinna er góð milli skóla og heimila

Skólastarf, kennsla og námsgögn eru aðlöguð að fjölmenningslegri nemendahópi

Nemendahópurinn í skólum landsins er ekki eins einsleitur og áður var. Skólastarfið nær til allra nemenda og reynsluheimur allra nemenda er viðurkenndur og tillit tekið til hans í skólastarfinu.

Menntun kennara og annarra, sem vinna að menntun tvítyngdra barna, er við hæfi

Menntun kennara þarf að fela í sér þekkingu á hvernig mæta eigi þörfum tvítyngdra barna, sama má segja um aðra sem að menntun barna koma og gera þarf einstaklingum af erlendum uppruna kleift að afla sér kennaramenntunar. Tvítyngd börn þurfa góðar málfyrirmyndir.

Námsefni

Námsefni er við hæfi tvítyngdra nemenda og allir nemendur fá fjölmenningslega kennslu.

Börn af erlendu bergi brotin auðga skólastarfið

Fjölmenningsleg kennsla kemur öllum til góða í heimi þar sem fólksflutningar milli landa aukast stöðugt – líka til Íslands. Samtök atvinnurekenda hafa lýst því yfir að hér komi til með að vanta 10.000 manns á næstu árum til að fullnægja eftirspurn á vinnumarkaðnum. Ekki mun allt þetta fólk koma með fjölskyldur sínar með sér né setjast hér að – en margir munu gera það. Með því að líta á tvítyngd börn sem auðlind og nýta þekkingu þeirra til að fræða öll börn um umheiminn verður umheimurinn áþreifanlegri og þeim þáttum fækkar sem virðast skilja okkur að. Fjölmenningslegur

Þroski innfæddra leiðir til mýkra viðmóts þegar innflytjendur setjast hér að. Við hljótum að stefna að því.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska sem annað tungumál.* 1999.
- Collier, Virginia. 1995. *Promoting Academic Success for ESL Students.*: NJTESOL-BE, New Jersey.
- Cummins, J. 1992. Interdependence of first- and second language proficiency in bilingual children. Í: Bialystok (ritstj.): *Language Processing in Bilingual Children.* Cambridge University Press.
- Gimbel, Jørgen, Anne Holmen og J. Normann Jørgensen. 2000. *Det bedste Københavns Kommune har foretaget sig hidtil.* Beskrivelse og evaluering af sproggruppeforsøg i skoledistrikterne 6 og 12 i Københavns Kommunes Skolevæsen 1996-99. Københavnerstudier i tosprogethed bind 31. Danmarks Lærerhøjskole.
- Helga Guðrún Loftsdóttir. 2000. *Mat á kennslu tvítyngdra nemenda í efri bekkjum grunnskóla.* MA-verkefni. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Ramirez, J.D. 1992. Executive Summary of Volume I and II of the Final Report: Longitudinal Study of Structured English Immersion Strategy, Early-Exit and Late-Exit Transitional Bilingual Education Programs for Language Minority Students. *Bilingual Research Journal.* Vol. 16, no. 1&2, Winter/Spring.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.